

Samkomulag um aukna byggðafestu í Hrísey

Eftirtaldir aðilar gera með sér samning um samstarf við nýtingu 250 þorskígildistonna aflamarks árlega fiskveiðiárin 2015/2016, 2016/2017 og 2017/2018 auk mótframlags samstarfsaðila Byggðastofnar skv. fylgiskjali með samningi þessum, í því skyni að treysta byggðafestu í Hrísey. Samningur þessi er gerður á grundvelli reglugerðar nr.606/2015, umsóknar vinnslu- og útgerðaraðila í Hrísey og samþykktar stjórnar Byggðastofnar 26. febrúar 2016.

Aðilar að samningi þessum eru:

- Byggðastofnun, kt.450679-0389, Ártorgi 1, Sauðárkróki
- K&G ehf. kt.540998-2649, Hafnargötu 9, Sandgerði

1.

Meginmarkmið samnings þessa er að auka byggðafestu í Hrísey. Í því skyni stefna samningsaðilar að stöðugri heilsárs fiskvinnslu í byggðarlaginu, að skapa og viðhalda sem flestum heilsársstörfum fyrir karla og konur við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi í Hrísey til lengri tíma og að draga sem mest úr óvissu um framtíð byggðarlagsins.

2.

Samningurinn gildir fyrir fiskveiðiárin 2015/2016, 2016/2017 og 2017/2018 með fyrirvara um endurskoðun við upphaf hvers fiskveiðiárs þar sem lagt verður mat á hvort markmið samningsins og árangursviðmið umsóknarinnar sem samningurinn byggir á hafi gengið eftir. Samningurinn er einnig gerður með fyrirvara um það magn sem atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti úthlutar til Aflamarks Byggðastofnunar ár hvert.

3.

K&G ehf. rekur fiskvinnslu og útgerð í Hrísey. K&G ehf. skuldbindur sig til að viðhalda á samningstímanum að lágmarki þeim starfafjölda sem tilgreindur er í umsóknum félagsins. (fylgiskjal 1 og 2).

4.

Byggðastofnun leggur til 250 þorskígildistonna aflamark árlega á gildistíma samningsins, og K&G áætla að vinna að lágmarki sem nemur 1.000 tonnum árlega á sama tímabili í fersk flök, saltfisk og fiskþurrkun sem skapi 16-20 bein störf.

5.

Framsál aflamarks sem úthlutað er samkvæmt samningi þessum er óheimilt, en þó skulu heimil jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið.

6.

Verði þær breytingar á högum samstarfsaðila að þeir geti ekki uppfyllt ákvæði samningsins skal tilkynna það til Byggðastofnunar eins fljótt og auðið er.

7.

Byggðastofnun er heimilt að afturkalla úthlutun aflamarks samkvæmt samningi þessum hafi ákvæði hans og/eða reglugerðarinnar verið brotin sbr.9. grein reglugerðarinnar. Séu brotin alvarlegs eðlis er Byggðastofnun heimilt að rifta samningi þessum einhliða. Sé úthlutað aflamark nýtt á óheimilan hátt samkvæmt samningi þessum eða reglugerð skal útgerðaraðili skila aflamarki aftur til Byggðastofnunar.

8.

Byggðastofnun er heimilt að birta samning þennan á heimasíðu sinni.

9.

Með samningi þessum fellur úr gildi samkomulag um aukna byggðafestu í Hrísey sem undirritað var 26. og 29. ágúst 2014 en aðilar að því voru Byggðastofnun kt.450679-0389, Útgerðarfélagið Hvammur kt.690493-2179 og K&G ehf. kt.540998-2649.



Fylgiskjal með samningi þessum er:

1. Umsókn um aflamark Byggðastofnunar dags. 29. janúar 2016
2. Umsókn um aflamark Byggðastofnunar dags. 26. maí 2014


Sauðárkróki 30. mars 2016


f.h. Byggðastofnunar



Vottar að undirskrift (nafn og kt.)

 0810683729
 2102754449

Sandgerði 22. mars 2016


f.h. K&G ehf.

Vottar að undirskrift (nafn og kt.)

 200573-4049
 010967-2389